



Stefnumörkun fjárveitinga fyrir menntun fyrir alla

Endanleg yfirlitsskýrsla



EUROPEAN AGENCY
for Special Needs and Inclusive Education



STEFNUMÖRKUN FJÁRVEITINGA FYRIR MENNTUN FYRIR ALLA

Endanleg yfirlitsskýrsla





Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) er sjálfstæð sjálfstjórnarstofnun. Miðstöðin er sameiginlega fjármögnuð af menntamálaráðuneytum í aðildarlöndunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, í gegnum rekstrarstyrk innan Erasmus+ menntunaráætlunar Evrópusambandsins (ESB) (2014-2020).



Sameiginlega fjármagnað af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins

Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við framleiðslu þessarar útgáfu felur ekki í sér stuðning við innihaldið, sem endurspeglar eingöngu skoðanir höfundanna, og framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem koma hér fram.

Þær skoðanir sem einstaklingar greina frá í skjalinu eru ekki endilega í samræmi við opinberar skoðanir miðstöðvarinnar, aðildarríkja hennar eða framkvæmdastjórnar ESB.

Ritstjórar: Edda Óskarsdóttir, Amanda Watkins og Serge Ebersold

Útdráttur úr skjalinu er eingöngu leyfður ef skýrlega er vísað til heimildar. Vísa skal til skjalsins á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018. *Stefnumörkun fjárveitinga fyrir menntun fyrir alla: Endanleg yfirlitsskýrsla.* (E. Óskarsdóttir, A. Watkins og S. Ebersold, ritst.). Odense, Danmörk

Til að bæta aðgengi að skýrslunni er hún tiltæk á 25 tungumálum og á rafrænu sniði á vefsvæði stofnunarinnar: www.european-agency.org

Þetta er þýðing á upprunalegum texta á ensku. Ef efi vaknar um nákvæmni upplýsinga í þýðingunni skal skoða upprunalega enska textann.

ISBN: 978-87-7110-790-6 (Rafrænt)

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2018

Aðalskrifstofa
Østre Stationsvej 33
DK-5000 Odense C Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel
Rue Montoyer, 21
BE-1000 Brussels Belgium
Sími: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
Samstarfsverkefni	6
FRAMKVÆMD OG AÐFERÐAÐFRÆÐI VERKEFNISINS	6
RAMMI UM STEFNUMÁL, ÞÆTTI OG HVATA	8
Þverfaglegt viðfangsefni 1: Að tryggja að nemendur fái virkan aðgang að viðeigandi námstækifærum	10
Þverfaglegt viðfangsefni 2: Hvatning til skólaþróunar til að efla nám án aðgreiningar	11
Þverfaglegt viðfangsefni 3: Að stuðla að framsæknu og sveigjanlegu námsumhverfi	12
Þverfaglegt viðfangsefni 4: Að tryggja gagnsæ og ábyrg kerfi fyrir nám án aðgreiningar	13
NIÐURSTÖÐUR	15
HEIMILDIR	16







INNGANGUR

Council Recommendation on promoting common values, inclusive education, and the European dimension of teaching [Tillögur Ráðherraráðsins um eflingu sameiginlegra gilda, náms án aðgreiningar og evrópskar áherslur í kennslu] færir rök fyrir því að:

Tryggja þurfi skilvirkan og jafnan aðgang að gæðanámi án aðgreiningar fyrir alla nemendur, þar með taldir innflytjendur, þeir sem standa höllum fæti félags- og fjárhagslega, nemendur með sérþarfir og fatlaðir nemendur – í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks – en það er nauðsynlegt til að samfélög verði heildstæðari (Ráðherraráð Evrópusambandsins, 2018, bls. 6).

Rannsóknir sýna að tilhögun fjárveitinga er mikilvæg þegar teknar eru ákvarðanir um hvers konar skólavistun er í boði fyrir nemendur sem standa höllum fæti (OECD, 2012).

Fjárveitingakerfi fyrir menntun gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja að allir nemendur – þar með taldir þeir sem eru jaðarsettir vegna kyns, trúar, getu, kynhneigðar, félagslegrar stöðu eða þjóðernis – hafi aðgang að menntun án aðgreiningar á öllum stigum ævináms (UNESCO, 2009). Þegar lönd standa frammi fyrir ólíkum viðfangsefnum varðandi fjárveitingar til að styðja við menntun fyrir alla, er mikilvægt að tryggja að tiltæk úrræði – mannauður og önnur – séu nýtt á þann hátt að þau séu sem áhrifaríkust (UNESCO, 2017).

Forsenda verkefnisins **Stefnumörkun fjárveitinga fyrir menntun fyrir alla** (FPIES) er að stefnumótandi aðilar um alla Evrópu gera sér grein fyrir því að leiðir til fjárveitinga séu mikilvæg lyftistöng til að draga úr mismunun í menntun. Þeir þurfa þó að fá ítarlegri upplýsingar um hver áhrif ólíkra leiða til fjárveitinga fyrir nám án aðgreiningar geta verið, og þær upplýsingar geta nýst sem leiðarljós fyrir stefnumótun.

FPIES-verkefnið er svar við þessari skilgreindu þörf fyrir stefnumörkun. Verkefnið stóð frá 2016–2018 og byggir á fyrra verkefni frá Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Míðstöðin): **Fjármögnun menntunar án aðgreiningar – Kortlagning landskerfa fyrir nám án aðgreiningar** (Evrópumíðstöð, 2016). FPIES er fjármagnað sameiginlega af Míðstöðinni og ramma Framkvæmdastjórnar ESB Erasmus+ Key Action 3 'Forward-Looking Cooperation Projects' [**Erasmus+ Lykilaðgerð 3 „Framsýn samstarfsverkefni“**]. Þessi stutta skýrsla er samantekt á FPIES-verkefninu.



Samstarfsverkefni

Verkefnið er byggt á beinu samstarfi á milli átta aðila: Menntamálaráðuneyta **Hollandis, Ítalíu, Litháen, Noregs, Portúgal** og **Slóveníu**, Miðstöðvarinnar og **háskólans Universitat Ramon Llull**. Síðastnefndi aðilinn er ytri matsaðili verkefnisins, með áherslu á að meta framkvæmd og niðurstöður verkefnisins.

Markmið FPIES-verkefnisins er að rannsaka ólíkar nálganir við fjárveitingar fyrir menntun á kerfisbundinn hátt og skilgreina þannig ramma um fjárveitingastefnu sem stuðlar að því draga úr misskiptingu í námi.

Upphaf FPIES-verkefnisins er að núverandi fjárveitingarammar í öllum löndum eru byggðir á menntakerfum sem í auknum mæli leitast við að draga úr aðgreiningu. Löndin hafa þróað þessa fjárveitingaramma til þess að auðvelda hagsmunaaðilum að innleiða meginreglur um nám án aðgreiningar á skilvirkari hátt.

Í verkefninu var sjónum beint sérstaklega að því að rannsaka fjárveitingakerfi samstarfslandanna sex.

FRAMKVÆMD OG AÐFERÐAFRÆÐI VERKEFNISINS

Hugtakarammi FPIES verkefnisins (Evrópumiðstöð, óbirt-a) byggir á fyrirbyggjandi rannsóknarþekkingu (einkum Evrópumiðstöð, 2016). Hugtakaramminn hafði það hlutverk að vera leiðbeinandi við söfnun upplýsinga og vera rammi fyrir greiningu á þeim upplýsingum sem safnað var.

Aðferðafræðin að baki upplýsingasöfnunar í FPIES-verkefninu var jafningjanám. Þessi aðferð hefur möguleika á að auðvelda sjálfsmat og að miðla reynslu með það fyrir augum að styðja við langtíma stefnumótun og innleiðingu í þátttökulöndum.

Helstu leiðir jafningjanámsins voru sex kynnisheimsóknir: ein til hvers af þátttökulöndunum (e. Country study visits). Í hverri kynnisheimsókn tók þátt stór hópur viðeigandi hagsmunaaðila af ráðuneytis-, sveitarfélags- og skólastigi í landinu sem heimsótt var ásamt gestum úr ráðuneytum þriggja af hinum fimm þátttökulöndunum. Dagskrá kynnisheimsóknanna var með sama sniði í hvert sinn. Þátttakendur tóku þátt í fyrirfram ákveðinni dagskrá og umræðum þar sem þeir könnuðu til hlítar fjármögnunarkerfi fyrir sérkennslu og menntun fyrir alla í hverju landi fyrir sig. Markmiðið var að greina eiginleika, áskoranir og



tækifæri hvers kerfis. Þessi samskipti um stefnumörkun á milli landa leiddu af sér yfirgripsmikið safn upplýsinga sem lagt var til grundvallar fyrir greiningarvinnu verkefnisins. Upplýsingarnar voru skráðar á eftirfarandi hátt:

- **Landsskýrslur:** Í landsskýrslunum eru helstu styrkleikar og áskoranir varðandi fjármögnun, stjórnun og uppbyggingu þekkingar sem liggja til grundvallar landskerfa fyrir nám án aðgreiningar skilgreindar. Landsskýrslurnar voru skrifaðar á undan kynnisheimsóknunum. Þær voru síðan fullunnar eftir að kynnisheimsóknirnar höfðu átt sér stað, samkvæmt þeim upplýsingum og umræðum sem komu fram í heimsóknunum.
- **Skýrslur um kynnisheimsóknir:** Skýrslur um kynnisheimsóknir taka saman helstu umræðu- og lærdómsatriði eftir hverja heimsókn. Þær eru samantekt á heimsókninni og alhliða greining á þeim umræðum sem þar fóru fram.

Upplýsingar um kynnisheimsóknirnar og skýrslurnar eru tiltækar á síðum þátttökulandanna **Hollands, Ítalíu, Litháen, Noregs, Portúgal og Slóveníu.**

Samantektarskýrsla FPIES-verkefnisins (Evrópumiðstöðin, 2018) sameinar niðurstöður úr verkefninu í heild sinni, úr landsskýrslum, kynnisheimsóknnum og skýrslum um kynnisheimsóknirnar. Hlutverk samantektarskýrslunnar er að draga fram viðfangsefni er varða fjárveitingar, þætti og mikilvægar lyftistangir til að draga úr misskiptingu í menntun með skilvirkum, hagkvæmum og réttlátum fjárveitingaaðferðum.

Helsti afrakstur FPIES-verkefnisins er *Leiðbeinandi viðmið fyrir stefnumótun* (Evrópumiðstöðin, óbirt-b), sem byggir á þeim niðurstöðum verkefnisins sem eru kynntar í samantektarskýrslunni.

Fyrirhugaður markhópur og hugsanlegir notendur þessa *Leiðbeinandi viðmiða fyrir stefnumótun* eru þeir sem starfa við stefnumótun varðandi menntun fyrir alla á ólíkum stigum skólakerfisins – á lands-, svæðis- eða staðbundna vísu. *Leiðbeinandi viðmið fyrir stefnumótun* fela í sér:

- yfirlit yfir þau **stefnuatriði** sem liggja til grundvallar alhliða stefnu um fjármögnun námskerfa án aðgreiningar;
- kynningu á **stefnuviðmiðum** sem undirstrika þverfagleg stefnumál, ásamt stefnumarkmiðum og -tilgangi sem mynda alhliða fjárveitingastefnu fyrir námskerfi án aðgreiningar (tekið saman í næsta hluta);
- **sjálfsmatstæki** sem byggir á viðmiðum þeim sem tillaga er hér gerð um. Það var



þróað til að styðja stefnumótandi aðila í að ígrunda og ræða stefnumörkun um fjárveitingar fyrir nám án aðgreiningar.

Helsti tilgangur þessa *Leiðbeinandi viðmiða fyrir stefnumótun* varðandi fjárveitingar er að styðja væntanlegar samræður á milli stefnumótandi aðila er starfa á landsvísu, eða á vettvangi svæðis- og sveitastjórna varðandi um leiðir til fjárveitinga menntunar fyrir alla. Allir aðilar Miðstöðvarinnar átta sig á því að slíkar umræður eru mikilvægar til að bæta innleiðingu, ábyrgð og stjórnun slíkra menntakerfa.

RAMMI UM STEFNUMÁL, ÞÆTTI OG HVATA

Innan alhliða stefnuramma varðandi fjárveitingar menntakerfa fyrir alla má ekki líta á fjárveitingar sem takmark í sjálfu sér. Þær má frekar skilja sem tæki til að efla og tryggja menntakerfi án aðgreiningar, sem leið til að veita tækifæri til gæðamenntunar fyrir alla nemendur.

Niðurstöður FPIES-verkefnisins tengja leiðir til fjárveitinga til menntakerfa fyrir alla við mikilvægar lyftistangir sem styðja innleiðingu á skilvirkri og hagkvæmri stefnumörkun fyrir menntun án aðgreiningar. Stefnumörkun landa varðandi menntun án aðgreiningar er felld inn í marglaga kerfi sem tekur til ólíkra hagsmunaaðila og nær yfir almenn og sértæk úrræði. Þessi kerfi fela í sér aðgerðir þvert á ráðuneyti og geira og taka á þáttum sem eiga ekki eingöngu við um menntun en hafa áhrif á aðgengi nemenda að hágæða menntun án aðgreiningar. Þannig er skilvirkni og hagkvæmni þeirra leiða sem valdar eru til fjármögnunar háð nauðsynlegum lyftistöngum varðandi fjárveitingar sem flétta saman leiðir og úrræði í samþætt viðmið um samvinnu milli stofnana og samræmingu úrræða (Evrópumiðstöðin, 2016; 2018).

Þessi grundvallarmálefni tengja leiðir til fjárveitinga til menntakerfa án aðgreiningar við fjögur þverfagleg viðfangsefni. Þessi **viðfangsefni** setja gæði og hagkvæmni menntunar án aðgreiningar í samhengi við mikilvæg umræðuefni eða stefnuviddir sem taka þarf tillit til við innleiðingu á hágæða skilvirkri og hagkvæmri stefnumörkun fyrir menntun fyrir alla.

Viðfangsefnin eru tengd fjölda mikilvægra **þátta** varðandi fjárveitingar sem ákvarða hversu réttlátt, skilvirkt og hagkvæmt menntakerfi án aðgreiningar er. Þættirnir eru á sama hátt tengdir **lykilhvötum** fjárveitinga sem teljast nauðsynlegir fyrir innleiðingu skilvirkrar stefnumörkunar (Evrópumiðstöðin, 2018). Samanlagt mynda viðfangsefnin, þættirnir og hvatarnir leiðbeinandi viðmið um fjárveitingar og þau úrræði sem eru nauðsynleg fyrir menntun án aðgreiningar.





Þverfaglegt viðfangsefni 1: Að tryggja að nemendur fái virkan aðgang að viðeigandi námstækifærum

Koma þarf í veg fyrir útilokandi stefnur sem neita nemendum um rétt sinn til menntunar og náms án aðgreiningar, og/eða stimpla nemendur að óþörfu sem að þeir þarfnist greiningar til að fá stuðning. Helstu skilaboðin sem liggja til grundvallar þessu viðfangsefni er að það þarf að veita fjármagni til að styðja við stefnur sem leiða til menntunar fyrir alla, ekki til aðgreiningar.

Mikilvægir þættir og samverkandi lykilhvatar varðandi fjárveitingar að baki þessu viðfangsefni eru:

Mikilvægir þættir	Lykilhvatar
Pólitísk skuldbinding gagnvart rétti til menntunar án aðgreiningar fyrir alla nemendur	<ul style="list-style-type: none">• Fjárhagsleg skuldbinding gagnvart menntun án aðgreiningar• Skuldbinding gagnvart gæða menntun fyrir alla• Fjárfesting í þróun fjölbreyttra stuðningsúrræða fyrir nemendur
Að innleiða menntun fyrir alla með samfélagslegri nálgun á hverjum stað fyrir sig	<ul style="list-style-type: none">• Nám án aðgreiningar er lykilverkefni og ábyrgðarhluti á öllum stígum ákvarðanatöku• Efling félagslegrar ábyrgðar skóla gagnvart menntun fyrir alla
Að stuðla að skólaþróun	<ul style="list-style-type: none">• Tryggja sjálfbært jafnvægi milli leiða til fjárúthlutunar til skóla sem byggja á annars vegar þörfum skólans (viðbótarúthlutun) eða þörfum einstakra nemenda (ílagsúthlutun)• Kerfi fyrir úthlutun bjarga stuðla að þróun lærdómssamfélaga án aðgreiningar



Þverfaglegt viðfangsefni 2: Hvatning til skólaþróunar til að efla nám án aðgreiningar

Forðast ber fjárveitingaraðferðir sem hafa letjandi áhrif á nám án aðgreiningar. Sveigjanleg fjárveitingakerfi verða að stuðla að skólaþróun í gegnum lærdómsfélög sem þróa framsæknar og sveigjanlegar leiðir í kennslu þar sem áhersla á frammistöðu og jafnræði er samvinnuð. Helstu skilaboðin sem liggja til grundvallar þessu viðfangsefni eru að það þarf að styðja við teymi innan skóla til að taka ábyrgð á því að mæta þörfum allra nemenda.

Mikilvægir þættir og samverkandi lykilhvatar varðandi fjárveitingar að baki þessu viðfangsefni eru:

Mikilvægir þættir	Lykilhvatar
Að búa til hvata fyrir styðjandi námsumhverfi	<ul style="list-style-type: none">Fjárhagslegur stuðningur veittur skólum og nemendum sem eru í áhættu fyrir árangur undir væntingumFjárveitingaleiðir sem styðja við lærdómsfélög
Að efla sjálfstæði skóla	<ul style="list-style-type: none">Sveigjanleg notkun á opinberum fjárveitingumSveigjanleiki í skipulagi skóla
Nám án aðgreiningar er þáttur í gæðamatskerfi sem styður við skóla	<ul style="list-style-type: none">Stuðningur við dreifða forystuFullnægjandi samsetning leiða fyrir styðjandi, skapandi námsumhverfi



Þverfaglegt viðfangsefni 3: Að stuðla að framsæknu og sveigjanlegu námsumhverfi

Óskilvirkar fjárveitingaraðferðir virka sem hvatning til aðskilnaðar og útilokunar þegar litið er svo á að kennsla og stuðningur í almennum skólum sé ófullnægjandi til að mæta þörfum nemenda. Þetta kann að leiða til þess að hagsmunaaðilar telji að sértæk úrræði (þ.e. aðgreindir skólar og bekkir) veiti betri stuðning við nám fyrir suma nemendur. Helstu skilaboðin sem liggja til grundvallar þessu viðfangsefni eru að skilvirkar fjárveitingaraðferðir verða hvatning til náms án aðgreiningar þegar þær stuðla að því að þróa þekkingu hagsmunaaðila með það fyrir augum að efla framsækið og sveigjanlegt námsumhverfi fyrir alla nemendur.

Mikilvægir þættir og samverkandi lykilhvatar varðandi fjárveitingar að baki þessu viðfangsefni eru:

Mikilvægir þættir	Lykilhvatar
Að auðvelda leiðir til þekkingaröflunar	<ul style="list-style-type: none">• Að styrkja sveitafélög, skóla og/eða nemendur
Að auðvelda sérskólum/sérúrræðum að styðja við almenna skóla	<ul style="list-style-type: none">• Hvatning til þess að sérskólar virki sem ráðgjafarmiðstöðvar• Að fjalla um nám án aðgreiningar í þjálfun/menntun sérfræðinga sem vinna í sérúrræðum
Nám án aðgreiningar er þáttur í faglegri starfsþróun	<ul style="list-style-type: none">• Nám án aðgreiningar fellt inn í starfsþróun kennara• Að efla forystuhæfni fyrir þróun menntunar fyrir alla• Að foreldrar hafi tækifæri til að taka þátt í þjálfun/fræðslu



Þverfaglegt viðfangsefni 4: Að tryggja gagnsæ og ábyrg kerfi fyrir nám án aðgreiningar

Fjárveitingakerfi sem stuðla að flokkun á nemendum, í stað þess að leggja áherslu á þróun námsstuðnings og -úrræða, eru til lengri tíma litið óhagkvæm og ósanngjörn. Óskilvirkt þverfaglegt samstarf (þ.e. við heilbrigðis- og félagsþjónustu) getur valdið tvíverknaði í þjónustu og ósamræmi í meðferð mála. Helstu skilaboðin sem liggja til grundvallar þessu viðfangsefni eru að fjármögnunar- og fjárveitingakerfi sem stuðla að jafnvægi milli árangurs, skilvirkni og jafnræði eru greinilega tengd reglugerðarviðmiðunum þar sem lögð er áhersla á heildræna stjórnunarhætti, ábyrgð og framfarir innan kerfis.

Mikilvægir þættir og samverkandi lykilhvatar varðandi fjárveitingar að baki þessu viðfangsefni eru:

Mikilvægir þættir	Lykilhvatar
Stjórnunarhættir fyrir menntun fyrir alla byggja á samþættum kerfum þvert á kerfi og hagsmunaaðila	<ul style="list-style-type: none">• Stjórnunarhættir felldir inn í skóla- og svæðisbundin tengslanet, í ramma þar sem unnið er þverfaglega og þvert á ráðuneyti
Horfið frá verklagi beinnar stýringar til kerfa sem bera ábyrgð á námi án aðgreiningar	<ul style="list-style-type: none">• Að tengja fjárveitingar við gagnreynt skipulag úrræða• Að þróa eftirlitskerfi sem ganga lengra en að uppfylla stjórnarsýslukröfur• Að bera upplýsingagögn um fjármögun saman við markmið náms án aðgreiningar• Að fjalla um stöðu náms án aðgreiningar í opinberum skýrslum og upplýsingagjöf
Stefnumörkun um nám án aðgreiningar sett inn í gæðamatskerfi skóla	<ul style="list-style-type: none">• Að þróa fyrirbyggjandi matsferla með það fyrir augum að viðfangsefni náms án aðgreiningar verði lykilhvatar fyrir gæðamat• Að þróa greinagóð viðmið um gæðamat fyrir nám án aðgreiningar





NIÐURSTÖÐUR

Þær niðurstöður sem fengust úr verkefninu Fjármögnun menntunar án aðgreiningar og öllum aðgerðum FPIES-verkefnisins (Evrópumiðstöðin, 2016; 2018) sýna að það er ekki til ein fullkomin leið til að veita fjármagni til náms án aðgreiningar. Öllu heldur, eins og *Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions [Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, Ráðherraráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar]* leggur áherslu á:

Það er ... engin trygging fyrir því að aukning á opinberum útgjöldum skili sjálfkrafa betri niðurstöðum. Reyndar sýnir samanburður á niðurstöðum úr PISA [Programme for International Student Assessment] og opinberum útgjöldum til leikskóla- og grunnskóla mikinn mun á því hversu vel aðildarríki nýta úrræði sín. Þessi gögn benda til þess hversu mikilvægt er að auka árangur, þ.e. að nýta takmörkuð úrræði sem best til að tryggja gæði, jafnræði og afköst (Framkvæmdastjórn ESB, 2016, bls. 3).

Stefnumörkun landa varðandi nám án aðgreiningar er samtvinnuð í marglaga kerfum sem margir ólíkir hagsmunaaðilar koma að og nær yfir almenn og sértæk úrræði. Í núverandi mynd eru þessi kerfi fyrir nám án aðgreiningar mun flóknari en almenna skólakerfið. Þau mynda ramma utan um þær ólíku leiðir sem lönd fara til að stuðla að námi án aðgreiningar.

Þegar horft er til þess að ná utanum alla þætti menntunar hvað varðar ævinám, líkt og Ráðherraráð Evrópusambandsins (2017) hefur lagt áherslu á, krefst það aðkomu málefna þvert á svið og ráðuneyti. Það krefst þess einnig að þættir sem hafa áhrif á aðgengi nemenda að hágæða námi án aðgreiningar, en eru ótengdir menntun, séu teknir með í reikninginn.

Niðurstöður úr öllum athöfnum FPIES-verkefnisins tengja skilvirk og hagkvæm námskerfi án aðgreiningar við fjögur þverfagleg viðfangsefni. Þessi þverfaglegu viðfangsefni, studd af stefnumarkmiðum og -tilgangi, er það sem helst liggur til grundvallar við að greiða fyrir þróun skilvirkra og hagkvæmra námskerfa án aðgreiningar sem geta dregið úr mismunun í menntun.



HEIMILDIR

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2016. *Financing of Inclusive Education: Mapping Country Systems for Inclusive Education [Fjármögnun menntunar án aðgreiningar: Kortlagning landskerfa fyrir nám án aðgreiningar]*. (S. Ebersold, ritst.). Odense, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/financing-inclusive-education-mapping-country-systems-inclusive-education (Síðast sótt í október 2018)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018. *Financing Policies for Inclusive Education Systems: Resourcing Levers to Reduce Disparity in Education [Stefnumörkun fjárveitinga fyrir menntun fyrir alla: Lyftistangir fjáröflunar til að draga úr misskiptingu í menntun]*. (S. Ebersold, E. Óskarsdóttir og A. Watkins, ritst.). Odense, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/fpies-synthesis-report (Síðast sótt í október 2018)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, óbirt-a. *Financing Policies for Inclusive Education Systems: Project Conceptual Framework [Stefnumörkun fjárveitinga fyrir menntun fyrir alla: Hugtakarammi FPIES verkefnisins]*. (E. Óskarsdóttir, A. Watkins og S. Ebersold, ritst.). Odense, Danmörk

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, óbirt-b. *Financing Policies for Inclusive Education Systems: Policy Guidance Framework [Stefnumörkun fjárveitinga fyrir menntun fyrir alla: Leiðbeinandi viðmið fyrir stefnumótun]*. (A. Watkins, E. Óskarsdóttir og S. Ebersold, ritst.). Odense, Danmörk

Framkvæmdastjórn ESB, 2016. *Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions: Improving and Modernising Education [Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópubingsins, Ráðherraráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar: Umbætur og endurnýjun menntunar]*. COM/2016/0941 final. Brussel: Framkvæmdastjórn ESB. eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=COM:2016:941:FIN (Síðast sótt í október 2018)

OECD, 2012. *Equity and Quality in Education: Supporting Disadvantaged Students and Schools [Jafnræði og gæði í menntun: Stuðningur við nemendur og skóla sem standa höllum fæti]*. París: OECD Publishing



Ráðherraráð Evrópusambandsins, 2017. *Conclusions of the Council and of the Representatives of the Governments of the Member States, meeting within the Council, on Inclusion in Diversity to achieve a High Quality Education for All* [Niðurstaða Ráðherraráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, fundur innan Ráðherraráðsins, um fjölbreytileika án aðgreiningar til að ná hágæðamenntun fyrir alla]. (2017/C 62/02). eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=uriserv:OJ.C_.2017.062.01.0003.01.ENG&toc=OJ:C:2017:062:FULL (Síðast sótt í október 2018)

Ráðherraráð Evrópusambandsins, 2018. *Council Recommendation of 22 May 2018 on promoting common values, inclusive education, and the European dimension of teaching* [Tillögur Ráðherraráðsins frá 22. maí 2018 um eflingu sameiginlegra gilda, náms án aðgreiningar og evrópskar áherslur í kennslu]. (2018/C 195/01). Brussel: Ráðherraráð Evrópusambandsins. eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32018H0607%2801%29 (Síðast sótt í október 2018)

UNESCO, 2009. *Policy Guidelines on Inclusion in Education* [Leiðbeiningar um stefnumótun fyrir skóla án aðgreiningar]. París: UNESCO

UNESCO, 2017. *A Guide for Ensuring Inclusion and Equity in Education* [Leiðbeiningar til að tryggja og jafnræði í menntun án aðgreiningar]. París: UNESCO



Aðalskrifstofa:

Østre Stationsvej 33
DK-5000
Odense C
Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel:

Rue Montoyer 21
BE-1000
Brussels
Belgium
Sími: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org



www.european-agency.org